
Snjóflóðavarnir á Seyðisfirði, Aldan og Bakkahverfi

Álit um mat á umhverfisáhrifum

1 INNGANGUR

1.1 Framlagning matsskýrslu og ósk um álit

Þann 24. júní 2020 lagði Seyðisfjarðarkaupstaður fram matsskýrslu og óskaði eftir álitum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun staðfesti móttöku matsskýrslunnar með bréfi dags. 9. júlí 2020.

Gögn

Matsskýrsla: Snjóflóðavarnir á Seyðisfirði, Aldan og Bakkahverfi. Matsskýrsla. VSÓ Ráðgjöf, júní 2020. Viðaukar með matsskýrslu, umfram það sem lá fyrir í frummatsskýrslu (sjá að neðan):

- Umsagnir vegna frummatsskýrslu

1.2 Kynning frummatsskýrslu

Þann 14. apríl 2020 lagði Seyðisfjarðarkaupstaður fram frummatsskýrslu um ofangreinda framkvæmd til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 17. apríl 2020 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 17. apríl til 1. júní 2020 hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar.

Þann 14. maí 2020 hélt Seyðisfjarðarkaupstaður kynningarfund í félagsheimilinu Herðubreið um niðurstöður frummatsskýrslu.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Seyðisfjarðarkaupstaðar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar.

Gögn

Frummatsskýrsla: Snjóflóðavarnir á Seyðisfirði, Aldan og Bakkahverfi. Frummatsskýrsla. VSÓ Ráðgjöf, apríl 2020.

Viðaukar með frummatsskýrslu:

- Hættumatsnefnd Seyðisfjarðarkaupstaðar. 2002. Hættumatskort fyrir Seyðisfjörð.
- Náttúrustofa Austurlands. 2019. Gróður og fuglar ofan Öldunnar og Bakkahverfis á Seyðisfirði.
- Byggðasafn Skagfirðinga. 2019. Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna á Seyðisfirði.
- Efla. 2020. Minnisblað Eflu um skuggavarp við snjóflóðavarnargarða á Seyðisfirði.
- Efla. 2020. Minnisblað Eflu um vindafar við snjóflóðavarnir á Seyðisfirði.

Umsagnir um frummatsskýrslu bárust frá:

- Seyðisfjarðarkaupstað með tölvupósti dags. 2. júní 2020.



- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með tölvupósti dags. 7. maí 2020.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 8. maí 2020.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 18. maí 2020.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 13. maí 2020
- Veðurstofu Íslands með tölvupósti dags. 5. maí 2020.
- Vegagerðinni með tölvupósti dags. 22. apríl 2020.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu kemur fram að fyrirhugað sé að reisa þrjú snjóflóðavarnargarða á Seyðisfirði undir Bjólfshlíðum. Markmið framkvæmdarinnar er að tryggja öryggi íbúa Seyðisfjarðar gagnvart snjóflóðum. Forsendur framkvæmdarinnar eru annars vegar hættumat Veðurstofu Íslands þar sem kemur fram að hluti byggðar undir Bjólfshlíðum sé innan hættusvæðis vegna snjóflóðahættu. Hins vegar ákvæði reglugerðar nr. 505/2000, um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats, þar sem kveðið er á um að öryggi skuli tryggt á hættusvæðum. Seyðisfjarðarkaupstaður er framkvæmdaraðili og Framkvæmdarsýsla ríkisins hefur umsjón með framkvæmdum.

Lagður er fram aðalvalkostur A sem byggir á frumathugun sem unnin var árið 2018 af Eflu, Verkís og Landslagi. Til samanburðar er lagður fram valkostur B sem byggir á eldri hugmyndum um varnargarða á svæðinu en fallið var frá á sínum tíma. Þá er einnig gerð grein fyrir núllkosti sem gerir ekki ráð fyrir snjóflóðavarnargörðum og kosti sem felur í sér uppkauþ á húsum innan hættusvæða. Aðalvalkostur er talinn eini raunhæfi kosturinn af þeim kostum sem tekin er til umfjöllunar í matsskýrslu.

2.1 Aðalvalkostur

Í matsskýrslu kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir felast í að byggðir verði þrjár varnargarðar, tveir leiðigarðar og einn þvergarður, þ.e.

- Bakkagarður, 535 m langur og 13 m hár leiðigarður.
- Fjarðargarður, 245 m langur og 10 m hár þvergarður.
- Öldugarður, 300 m langur og 17-20 m hár leiðigarður.


Hönnun á görðunum miðast við hámarkshæð garða sem mögulegt er að að koma fyrir ofan byggðar en stærð garðanna verður samkvæmt samevrópskum viðmiðunarreglum. Leiðigörðunum er ætlað að beina snjóflóðum úr þekktum upptakasvæðum ofan Bakkahverfis og Öldu frá byggðinni. Bakkagarður og Öldugarður munu ná upp í brött klettabelti í Bjólfshlíðum en ná þó ekki saman. Þeir mynda horn við líklega stefnu flóða úr upptakasvæðum. Ekki er hægt að láta garðana ná hærra upp í fjallshlíðina vegna bratta. Í fyrrnefndri reglugerð kemur fram að í hættumati skuli afmarka hættusvæði. Hættusvæðin eru flokkuð í þrjú svæði A, B og C eftir því hversu mikið heildaráhætta fólks eykst við það að búa á svæðinu. Ef staðaráhættan er meiri en 1:10.000 á ári er um raunverulega áhættu að ræða og nær sú skilgreining til hættusvæðis C. Með tilkomu varnargarðanna munu öll íbúðarhús, sem voru áður á hættusvæði C, færast á hættusvæði A og öryggi íbúa á núverandi skilgreindu hættusvæði C verður því tryggt.

Fram kemur að Bakkagarður muni vera í um 14-130 m hæð y.s. sunnan byggðar og Öldugarður mun vera í 6-65 m hæð y.s. norðan byggðar. Fjarðargarður mun verða á milli þeirra ofan efstu húsa í Firði í um 16 m hæð y.s. Hönnun Öldugarðs miðar að því að stórum flóðum úr Kálfabotni verði beint út í sjó.



Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðra varnarmannvirkja á öryggi íbúa, sem við núverandi aðstæður búa við snjóflóðahættu, verði jákvæð þar sem mannvirkin eiga að tryggja að staðaráhætta verði ásættanleg í allri íbúðarbyggð á Seyðisfirði í samræmi við ákvæði reglugerðar.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af fyrirhugðu framkvæmdasvæði-snjóflóðavarnargarðar, vinnuvegir, náma og athafnasvæði (Úr matsskýrslu Seyðisfjarðarkaupstaðar).

Áfangaskipting og framkvæmdartími

Fram kemur í matsskýrslu að byrjað verði á vöskun Fálkagils samhliða byggingu Öldugarðs. Í framhaldinu verður Fjarðargarður byggður og að síðustu Bakkagarður. Þá kemur einnig til greina að byggja Öldu- og Fjarðargarð samhliða. Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist árið 2021 og að framkvæmdartími verði 4-5 ár.

Efnispörf

Fram kemur í matsskýrslu að áætluð efnispörf í varnargarðana sé um 415.000 m³ og muni efnið koma úr skeringum flóðmegin við varnargarðana. Áætlað heildarmagn úr skeringum er um 522.000 m³ en umframefni er fyrirhugað að nýta til landmótunar og aðlögunar varnargarðanna þriggja að nærliggjandi landslagi. Ekki er fyrirhugað að haugsetja efni utan framkvæmdasvæðis.

Undir neðri enda Bakkagarðs er 5 m þykkur mýrarjarðvegur og þarf að fjarlægja um 20.000 m³ af jarðveginum sem verður geymdur og notaður til uppgræðslu garða og raskaðs svæðis.

Þá kemur fram að fyrirhugað sé að afla efni í vinnuvegi úr Skaganámu sem er í grennd við framkvæmdasvæðið og verði efnismagn að hámarki um 30.000 m³. Skaganáma er ekki skráð sem opin náma og er ekki á aðalskipulagi. Nokkur efnistökusvæði hafa verið til skoðunar en þau hafi ekki hentað þar sem efni úr þeim hafi ekki verið talið heppilegt auk fjarlægðar við framkvæmdasvæði.



Vinnuvegir og stígagerð

Fram kemur í matsskýrslu að gert sé ráð fyrir að nýta tvær núverandi vegtengingar, annars vegar við Vesturveg þar sem keyrt er að Skaganámu og hins vegar við Ránargötu þar sem keyrt er inn á húsbílastæði sem almenna vinnuvegi og til efnisflutninga. Miðað er við að vegirnir verði 4 m á breidd auk vegaxla. Gert er ráð fyrir að útbúa eitt eða fleiri útskot fyrir stóra bíla til að mætast.

Frárennsli

Fram kemur í matsskýrslu að skeringar neðri hluta Bakka- og Öldugarðs verði að einhverju leyti neðan núverandi grunnvatnsborðs og hugsanlega hluti skeringa Fjarðargarðs. Dýpsta skering Bakkagarðs er um 40 m og dýpsta skering Öldugarðs um 12 m og má búast við grunnvatni í skeringum eftir hluta beggja garðanna. Farvegir lækja munu breytast í einhverjum tilfellum og stækka þarf eða fjölga ræsum á svæðinu. Hönnun frárennslisrása miðast við að koma vatni af garðsvæðum út í sjó eða Fjarðará.

Frágangur

Fram kemur í matsskýrslu að allir varnargarðarnir verði byggðir upp á sama hátt. Hliðar sem snúa að flóðrásum verða úr netgrindum fylltum með unnu bergi sem kemur úr skeringum. Hliðar sem snúa frá flóðrásum og að byggðinni verða með fláafleygum með halla 1:2 og verða þær græddar upp. Lögð verður áhersla á að draga úr sjónrænum áhrifum með því að aðlaga garðana sem best að núverandi landslagi og byggð. Neðri endar Bakkagarðs og Öldugarðs ásamt endum Fjarðargarðs verða með ávölum brúnum til að milda ásýndaráhrif.

2.2 Valkostur B til samanburðar í mati

Fram kemur að til samanburðar í mati á umhverfisáhrifum sé valkostur B sem byggir á tillögu sem sett var fram árið 1998. Samkvæmt valkosti B er gert ráð fyrir umfangsmiklum vörnum á láglandi þar sem byggðir yrðu þrjú leiði- og þvergarðar undir Bjólfi nærri byggð. Ekki var fallist á tillögunna á sínum tíma þar sem talið var að henni fylgdi of mikið rask og breytingar á umhverfi í grennd við byggðina. Í þeirri tillögu var einnig fjallað um varnargarð og stoðvirki á Brún sem þegar hafa verið byggð.

2.3 Uppkaup húsa og núllkostur

Fram kemur í matsskýrslu að fyrirhugaðir varnargarðar muni alls verja 60 íbúðarhús með 84 íbúðum sem séu innan hættusvæða C, B og A. Íbúðirnar eru í Bakkahverfi, við Fjörð og á Öldunni. Á Öldunni eru að auki 9 önnur hús en íbúðarhús á hættusvæði C, B og A sem varnargarðarnir munu verja m.a. kirkjan, safnaðarheimilið, skrifstofur, atvinnuhúsnæði, gistihús og veitingahús. Heildarverðmæti eigna innan núverandi hættusvæða C, B og A sem garðarnir verja er 1.200 MISK m.v. fasteignamat sem er í gildi 2019. Brunabótamat sömu eigna er 3.488 MISK fyrir árið 2019. Kaupa þyrfti upp 11 íbúðarhús í heild, eða 30 íbúðir, sem standa innan hættusvæðis C. Kosturinn er talinn hafa neikvæð áhrif á samfélag Seyðisfjarðar og stuðla að fólksfækkun á svæðinu og því ekki talinn ákjósanlegur valkostur.

Núllkostur felur í sér að núverandi ástand haldist óbreytt og hvorki verði af uppbyggingu varnargarða né uppkaupum húsa. Með núllkosti kæmi ekki til þeirra umhverfisáhrifa sem framkvæmdir hefðu í för með sér og ekki kæmi til þeirra samfélagslegu áhrifa sem uppkaup húsa hefðu í för með sér. Núllkostur uppfyllir hins vegar ekki markmið framkvæmdar um að bæta öryggi íbúa Seyðisfjarðar gagnvart snjóflóðum. Þá er núllkostur ekki í samræmi við lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og reglugerðar um hættumat ofanflóða sem fjallar um að tryggja öryggi innan hættusvæðis C með varanlegum varnarmannvirkjum og/eða uppkaupum á íbúðarhúsnæði. Fram kemur að núverandi ástand sé óásættanlegt og að núllkostur komi því ekki til greina.



3 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í matsskýrslu er fjallað um mat á umhverfisáhrifum á eftirfarandi þætti: gróðurfar og vistgerðir, fuglalíf, landnotkun, vatnafar, jarðminjar, fornleifar, hljóðvist, loftgæði, snjó söfnun, vindstrengi og skuggavarp í byggð, landslag og ásýnd og útvist og ferðaþjónusta. Í matsskýrslu er stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar og notaðar vægiseinkunnirnar verulega neikvæð, talsvert neikvæð, óveruleg neikvæð, engin áhrif/á ekki við, óverulega jákvæð, talsvert jákvæð og verulega jákvæð. Gerð er grein fyrir vægiseinkunnunum í töflu 10.1 í matsskýrslu. Í þessu álitni notar Skipulagsstofnun einnig vægiseinkunnina nokkuð neikvæð áhrif. Nokkuð neikvæð áhrif eiga við um staðbundin áhrif sem ná ekki yfir umfangsmikið svæði, áhrifasvæðið nýtur ekki verndar eða er á annan hátt viðkvæmt fyrir breytingum en áhrifin geta verið að hluta varanleg og óafturkræf.

3.1 Landslag og ásýnd

Mat Seyðisfjarðarkaupstaðar

Í matsskýrslu kemur fram að landslag á Seyðisfirði einkennist fyrst af fremst af fjöllunum Bjólfi og Strandartindi en undirlendi er lítið. Hlíðar Bjólfs eru fremur einsleitar með nokkur hamrabelti og gil sem eru almennt víð en ekki djúp. Gróðurfar næst byggð einkennist af vel grónu mólendi og blómvöxnum túnum. Efst í hlíðinni eru mosamóar, minna grónir melar og urðir. Á svæðinu má einnig finna fjölbreyttar minjar sem enn eru vel sýnilegar og mynda áhugaverða minjaheild. Fram kemur að séð frá byggðinni verði garðarnir nokkuð áberandi en fláafleygar garðanna snúa að byggðinni þannig að garðarnir falli betur inn í fjallshlíðina. Öldugarður mun mynda áberandi vegg, séð úr norðri og Bakkagarður verður áberandi séð úr suðri. Lögð verður áhersla á að græða upp fláa varnargarðanna eins fljótt og kostur er. Notaðar verða fræ- og áburðarblöndur sem gefist hafa vel í öðrum varnarframkvæmdum en með tímanum mun staðargróður verða meira og meira áberandi á uppgræðslusvæðum og því munu mannvirkin smám saman falla betur og betur inn í landslagið. Á völdum stöðum, t.d. við áningarstaði, verða gróðursett tré og runnagróður til skjóls og yndisauka. Einnig verða gróðursettar trjáplöntur á tilteknum stöðum til að milda ásýnd á mannvirkin. Fram kemur að snjóflóðavarnargarðarnir komi til með að breyta einkennum landslags og ásýnd svæðisins verulega. Áhrifin verða svæðisbundin og að mestu óafturkræf. Með mótvægisáðgerðum, uppgræðslu, skógrækt og vandaðri landmótun, má draga úr áhrifum framkvæmdar á ásýnd svæðis. Áhrif varnargarðanna eru engu að síður talin talsvert til verulega neikvæð. Valkostur B myndi hafa meiri breytingar á landslagi og ásýnd í för með sér en áhrif milli valkosta eru engu síður metin sambærileg.

Niðurstaða

Fyrir liggur að snjóflóðavarnargarðar eru alla jafna umfangsmikil mannvirki sem breyta ásýnd og yfirbragði þeirra þéttbýlisstaða þar sem þeir rísa og á það við um mannvirkin á Seyðisfirði. Bæði á það við um sjónræn áhrif þeirra á íbúa sem búa næst gördunum og missa útsýni til fjallshlíðarinnar ofan byggðarinnar sem og til breytinga sem verða á yfirbragði svæðisins séð lengra frá en ljóst er að ásýnd svæðisins verður talsvert breytt miðað við núverandi aðstæður. Skipulagsstofnun telur að áhrif á framkvæmdatíma á ásýnd og landslag komi til með að verða verulega neikvæð en talsvert neikvæð þegar frágangi svæðisins er lokið og garðarnir falla betur að umhverfi. Stofnunin telur hins vegar að þær áætlanir sem framkvæmdaraðili hefur lagt fram um mótun garðanna, frágang yfirborðs og uppgræðslu/ræktun á framkvæmdasvæðinu séu til þess fallnar að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum.



3.2 Fornleifar

Mat Seyðisfjarðarkaupstaðar

Fram kemur í matsskýrslu að alls voru skráðar 61 fornleifar innan framkvæmdasvæðisins þar af eru 10 minjar sem ekki eru aldursfriðaðar en eru skráðar vegna heimildagildis þeirra um veru hernámliðs á Seyðisfirði og 20. aldar landnotkun í kaupstaðarlandinu. Báðir valkostir koma til með að hafa svæðisbundin og óafturkræf áhrif á fornleifar og rýra verndargildi fornleifa á Seyðisfirði. Með mótvægisáðgerðum má draga úr áhrifum með því að tryggja varðveislu gagna og upplýsinga um menningarsögulegar minjar sem og koma í veg fyrir rask á fornleifum sem standa utan framkvæmdasvæðis. Báðir valkostir eru taldir hafa talsvert til veruleg neikvæð áhrif á fornleifar. Lagðar eru fram í matsskýrslu mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga úr neikvæðum áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar.

Umsagnir

Í umsögn sinni tekur Minjastofnun Íslands fram hvaða framlagðar mótvægisáðgerðir eru taldar fullnægjandi auk þess sem í umsögninni er fjallað um frekari mótvægisgerðir sem ráðast þurfi í. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að farið verði í þær mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun Íslands fari fram á. Á sjö stöðum liggja fornleifar nálægt jaðri framkvæmdasvæðis, það eru fornleifarnar Fjörður - bæjarhóll (2048-1), tóft (2048-11), tóft (2048-12), tóft (2048-13), kofi (2048-21), mylla (2048-30 og kvíar (2048-32). Skoðað verður í samráði við Minjastofnun að hnika til útlínnum framkvæmdasvæðis í þeim tilgangi að hlífa ofantöldum fornleifum fyrir raski og draga úr umfangi og kostnaði mótvægisáðgerða.

Niðurstaða

Fyrir liggur að fyrirhugaðar framkvæmdir burtséð frá valkostum koma til með að hafa víðtæk áhrif á fornleifar innan framkvæmdasvæðisins. Skipulagsstofnun undirstrikar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili hafi samráð við Minjastofnun Íslands varðandi þær mótvægisáðgerðir sem stofnunin hefur lagt áherslu á í umsögn sinni. Þrátt fyrir mótvægisáðgerðir er að mati Skipulagsstofnunar líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa talsvert neikvæð áhrif á fornleifar.

3.3 Gróðurfar og vistgerðir

Mat Seyðisfjarðarkaupstaðar

Í matsskýrslu kemur fram að Náttúrustofa Austurlands hafi gert vettvangsathugun á gróðri í júní 2019 og byggir eftirumfjöllun um gróðurfar í matsskýrslu á þeirri úttekt.

Fram kemur að framkvæmdir muni raska gróðri á um 23 ha svæði en hluti athugunarsvæðisins er manngert land eða um 10%. Í heild voru fimmtán vistgerðir kortlagðar á athugunarsvæðinu og þöktu vistgerðir með mjög hátt verndargildi um 4% af svæðinu, þar af starungavist með 3,9% þekju. Við vettvangsathugun fundust 97 æðplöntutegundir þar af ein á valista, svokölluð munkahetta. Tvö votlendissvæði eru á framkvæmdasvæðinu en þau eru undir stærðarviðmiðum náttúruverndarlaga. Áhersla verður lögð á uppgræðslu með staðargróðri við við lok framkvæmda og að árangur þeirrar uppgræðslu verði metinn 2-4 árum eftir framkvæmdir og aftur 6-8 árum síðar. Seyðisfjarðarkaupstaður telur að áhrif á gróður og vistkerfi verði óverulega neikvæð til talsvert neikvæð.



Umsagnir

Fram kemur í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands að með því að græða upp framkvæmdasvæðið með staðargróðri megi að einhverju leyti endurheimta það gróðurfar og búsvæði plantna sem tapast. Mikilvægt sé að áformum um vöktun verði fylgt eftir eins og þau er lögð fram í matsskýrslu.

Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að áhrif á gróðurfar verði nokkuð til talsvert neikvæð vegna umfangs rasks og vegna rasks á vistgerðum sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi. Þá verður rask á munkahettu sem er á valista æðplantna og er talin í nokkurri hættu. Ef kynntum mótvægisáðgerðum Seyðisfjarðarkaupstaðar um uppgræðslu með staðargróðri og vöktun á árangri aðgerðanna fylgt eftir er líklegt að draga megi að einhverju leyti úr neikvæðum áhrifum og stuðla að endurheimt fyrri vistkerfa.

3.4 Fuglalíf

Mat Seyðisfjarðarkaupstaðar

Fram kemur að Náttúrustofa Austurlands hafi annast fuglaathuganir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði á háannatíma varpfugla í júní 2019. Niðurstöður úttektarinnar eru bornar saman við fyrri úttekt á fuglalífi árið 1997 til að meta breytingar á fuglalífi á svæðinu. Átján fuglategundir fundust í athugunum árið 2019 þar af fimm á valista og níu skilgreindar sem forgangstegundir. Fjórar tegundir eru skilgreindar bæði sem valista- og forgangstegundir.

Í matsskýrslu Seyðisfjarðarkaupstaðar kemur fram að framkvæmdin komi til með að skerða búsvæði fugla með því að þrengja að fuglum svæðisins og rýra uppeldisskilyrði unga. Búsvæðaskerðing verði mest hjá mófuglategundum: Stelki, tjaldi, hrossagauk, þúfutittlingi og heiðlóu sem verpi neðan neðstu kletta.

Það er niðurstaða framkvæmdaraðila að helstu áhrif á fugla verði vegna skerðingar búsvæðis og áreitis á framkvæmdatíma og hugsanlegs áreitis vegna aukinnar útivistar á svæðinu að framkvæmdum loknum. Áhrif verða staðbundin og ekki talin rýra verndargildi fuglalífs og verða að einhverju leyti afturkræf og að áhrif á fuglalíf bæði á framkvæmdatíma og að þeim loknum verði óverulega neikvæð.

Umsagnir

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að mikilvægt sé að framkvæmdartími verði utan varptíma fugla eins og framkvæmdaraðili tilgreini í matsskýrslu. Með því að græða upp framkvæmdasvæðið með staðargróðri megi að einhverju leyti endurheimta þau búsvæði sem tapast við framkvæmdirnar.

Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdir muni hafa staðbundin og að mestu leyti tímabundin áhrif á fuglalíf á svæðinu. Eins og fram kemur í matsskýrslu munu helstu áhrif framkvæmdar verða búsvæðaskerðing hjá fimm mófuglategundum og eru þrjár þeirra skilgreindar sem forgangstegundir, þar af eru tvær á valista. Þá munu framkvæmdir þrengja að búsvæði og rýra uppeldisskilyrði fugla á svæðinu. Með uppgræðslu staðargróðurs má að einhverju leyti endurheimta búsvæði fugla og að framkvæmdum loknum geta varnargarðarnir komið einhverjum tegundum til góða sem varp- og fæðuöflunarsvæði. Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun Íslands að mikilvægt sé að framkvæmdir fari fram utan varptíma fugla. Skipulagsstofnun telur því að áhrif framkvæmdar séu nokkuð neikvæð á framkvæmdatíma en óverulega neikvæð eftir að framkvæmdum lýkur.



3.5 Landnotkun

Mat Seyðisfjarðarkaupstaðar

Fram kemur að framkvæmdasvæðið liggur að mestu á svæði sem skilgreint er sem óbyggt svæði í Aðalskipulagi Seyðisfjarðar 2010-2030. Engin náttúruverndar- og hverfisverndarsvæði eru innan framkvæmdasvæðis.

Breytingar af völdum fyrirhugaðra framkvæmda á landnotkun eru taldar litlar og staðbundnar og ekki taldar breyta einkennum landnotkunar á Seyðisfirði. Svæði undir húsbílastæði raskast og skoða þarf aðra staðsetningu þess innan bæjarins. Niðurstaða frumathugunar er að ekki skuli þetta íbúðarbyggð neðan við Fjarðargarð, þar sem tjaldstæði er staðsett, íbúðarbyggð og hafnarsvæðið, svo uppbygging íbúða þarf að eiga sér stað á öðrum svæðum. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru taldar hafa óveruleg áhrif á landnotkun eins og hún er skilgreind í dag.

Fram kemur að áhrif valkostar B á landnotkun séu umfangsmeiri þar sem færa þyrfti Vestdalseyrraveg, meiri skerðing yrði á hafnar-, og iðnaðarsvæðinu auk þess sem fjarlægga þyrfti hús af svæðinu. Valkostur B er talinn hafa óveruleg til talsvert neikvæð áhrif á landnotkun.

Niðurstaða

Fyrir liggur að landnotkunarbreytingar vegna fyrirhugaðra framkvæmda verða staðbundnar og munu ekki hafa veruleg neikvæð áhrif. Framkvæmdarsvæðið nýtur ekki verndar eða er við núverandi aðstæður ekki nýtt til útivistar.

3.6 Vatnafar

Mat Seyðisfjarðarkaupstaðar

Fram kemur í matsskýrslu að engin vatnsverndarsvæði séu innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis en lækir renna niður fjallshlíðina ofan byggðar að gördunum. Skeringar neðri hluta Bakka- og Öldugarðs ná líklega að einhverju leyti niður fyrir núverandi grunnvatnsborð og hugsanlega einhver hluti skeringa Fjarðargarðs. Dýpsta skering Bakkagarðs er um 40 m og dýpsta skering Öldugarðs um 12 m og má búast við grunnvatni í skeringum í efri hluta beggja garðanna. Fram kemur að ekki þurfi að gera miklar breytingar á framrás vatns við Bakkagarð. Vatn verður leitt um skurð undir Vesturveg um ræsi í Fjarðará. Búast má við að afrennsli að ræsinu aukist þar sem vatn mun eiga greiðari leið í skeringunni við garðinn en við núverandi aðstæður. Því þurfi að rýmka skurðinn og stækka núverandi ræsi. Vatn mun líklega renna bæði til norðurs og suðurs beggja vegna Fjarðargarðs. Til suðurs fer vatnið í skurð rétt utan við húsin í Fjarðarbakka. Leggja þarf lokaða lögn frá Fjarðarbakka niður í Fjarðará. Til norðurs færi vatnið niður að Ránargötu og þaðan til norðurs fyrir Öldugarð og sameinast þar frárennsli hans. Ekki verða miklar breytingar á rennsli yfirborðsvatns við Öldugarð og verður vatn leitt eins og nú um ræsi undir Ránargötu. Frárennslisleiðir í hverfum haldast nánast óbreyttar og eru breytingar á rennsli á yfirborði á svæði neðan garða því metnar óverulegar. Ekki er talið líklegt að framkvæmdirnar hafi veruleg áhrif á stöðu grunnvatns í byggð en það sé þó ekki útilokað.

Niðurstaða

Fyrir liggur að lagðar eru fram tiltekna aðgerðir að hálfu framkvæmdaraðila til að leiða frárennsli úr lækjum í fjallahlíðinni til sjávar sem koma eiga í veg fyrir að áhrif á vatnafar með tilkomu fyrirhugaðra framkvæmda verði neikvæð og telur Skipulagsstofnun mikilvægt að fylgst sé með yfirborðsrennsli og hvort að framlagðar aðgerðir reynast fullnægjandi.



3.7 Loftgæði, hávaði og ónæði á framkvæmdatíma

Mat Seyðisfjarðarkaupstaðar

Í matsskýrslu kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa neikvæð áhrif á hljóðvist á framkvæmdatíma burtséð frá valkostum vegna aukinnar umferðar flutningabifreiða og vinnuvéla m.a. beltagröfu og jarðýtu. Umferð í tengslum við framkvæmdir verður beint um framkvæmdasvæðið ofan við bæinn til að draga úr áhrifum innanbæjar. Ef til klapparfleygunar kemur er það sérlega hávaðasöm framkvæmd og eykst hávaði verulega við húsvegg íbúða næst framkvæmdasvæði á meðan fleygun stendur. Lögð verður áhersla á að kynna framkvæmdir íbúum nærliggjandi svæða áður en þær hefjast. Unnið verður eftir daglegum tímatakmarkunum sem koma fram í reglugerð um hávaða 2008 en samt sem áður verða áhrif af völdum hávaða og ónæðis á framkvæmdatíma að teljast talsvert neikvæð.

Fram kemur að áhrif á loftgæði vegna foks fínafna séu talin staðbundin, tímabundin og afturkræf. Áhrif gætu helst komið fram við Gilsbakka og Hamrabakka í ákveðnum veðurskilyrðum á framkvæmdatíma. Með mótvægisáðgerðum má draga úr áhrifunum og eru áhrif metin óverulega neikvæð en áðgerðir felast m.a. í að röskuð svæði verða grædd upp eftir því sem verkinu vindur fram, bæði á framkvæmdatíma og eftir að framkvæmdum er lokið.

Umsagnir

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands er lögð áhersla á að séu mótvægisáðgerðir sem draga úr myndun hávaða mögulegar og taldar raunhæfur kostur verði þeim beitt. Í því samhengi er rétt að minna á meginreglu laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sem gerir þá kröfu að rekstararaðilar geri allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun, þ.m.t. af völdum hávaða. Þá hefði að mati eftirlitsins þurft að gera grein fyrir því í skýrslunni hvort og þá hvernig verði fylgst með hávaða í og við íbúðarbyggð á framkvæmdatíma.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að losun bergs í jarðvinnu fari annaðhvort fram með sprengiefni eða fleygun og verði fjarlægð frá íbúðahúsum á bilinu 200 – 300 m. Vegna fjarlægðarinnar er ekki talið að hávaðinn verði heilsuspillandi, en samkvæmt reglugerð er það skilgreint sem hávaði sem fer yfir 85 dB(A). Við fyrirhugaðar framkvæmdir gæti hávaði orðið heilsuspillandi í minna en 60 m fjarlægð en engin íbúðahús eru staðsett innan þess svæðis. Óvissa er um hve lengi framkvæmdir við fleygun eða sprengingu muni standa yfir en unnið verður eftir þeim skilyrðum sem sett eru um tímatakmarkanir háværra framkvæmda í reglugerð um hávaða þ.e. ekki verður heimilt að vinna á öðrum tíma en frá 07:00 að morgni til kl. 19:00 að kvöldi á virkum dögum auk þess sem allar háværar framkvæmdir skulu kynntar íbúum nærliggjandi svæða hætti áður en framkvæmdir hefjast. Helstu áhrif sprenginga felast í titringi en í leiðbeiningum Vinnueftirlitsins um sprengingar í þéttbýli kemur fram að framkvæma eigi húsaskoðun áður en sprengt er og er miðað við 50 m ef hús standa á bergi og 100 m ef hús standa á sandi eða leir. Í þessari framkvæmd er fjarlægð húsa frá því svæði sem gert er ráð fyrir fleygun / sprengingum um 200-300 m en í leiðbeiningum segir jafnframt að meta skuli á hverjum stað fyrir sig af skoðunarmanni hvort stækka þurfi skoðunarsvæði.

Niðurstaða

Fyrir liggur að umsvif, hávaði og ónæði í nágrenni framkvæmda munu aukast verulega á framkvæmdatíma. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að fyrirhugaðar framkvæmdir verði kynntar fyrir íbúum í grennd við framkvæmdasvæðið, einkum framkvæmdir við fleygun eða sprengingu bergs og mikilvægi þess að farið verði skilyrðislaust eftir tímatakmarkunum sem eiga við um háværar framkvæmdir, sbr. reglugerð um hávaða. Áhrif verða staðbundin eftir því hvar verið er að vinna innan framkvæmdasvæðisins en þegar á heildina er litið er að mati Skipulagsstofnunar



óhjákvæmilegt að áhrifin verði talsvert neikvæð. Skipulagsstofnun telur að áhrif á loftgæði vegna foks fínefna séu líkleg til að verða óveruleg.

3.8 Snjósöfnun, vindstrengir og skuggavarp í byggð

Mat Seyðisfjarðarkaupstaðar

Fram kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir, burtséð frá valkostum, séu ekki taldar hafa í för með sér aukna snjósöfnun í byggð, breyta vindafari í nágrenni garðanna eða leiða til skuggamyndunar í byggðinni á Seyðisfirði. Möguleiki er á hengjumyndun flóðmegin við varnargarða og vindstreng við enda Öldugarðs í hvassvirði. Ef neikvæð áhrif koma í ljós er hægt að bregðast við með vindgirðingu eða gróðursetningu trjáa en að öðru leyti er ekki talin þörf á mótvægisáðgerðum.

Niðurstaða

Ekki er gert ráð fyrir aukinni snjósöfnun í byggð með tilkomu garðanna eða að þeir leiði til aukins vindstyrks eða vindstrengja í grennd þeirra. Skipulagsstofnun telur þó mikilvægt að eftirlit á vegum framkvæmdaraðila verði haft með snjósöfnun að framkvæmdum loknum svo að hægt sé að bregðast við með t.d. uppsetningu snjósöfnunargirðinga eða öðrum aðgerðum eftir því sem við á.

4 SKIPULAG OG LEYFI

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag og þarf að gera breytingar á skipulaginu áður en framkvæmdaleyfi er gefið út.

Framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi Seyðisfjarðarkaupstaðar skv. skipulagslögum og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Auk þess þarf að sækja um leyfi til Minjastofnunar Íslands vegna fornleifa, samkvæmt lögum um menningarminjar.

Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf jafnframt að liggja fyrir deiliskipulag af mannvirkjunum. Skipulagsstofnun tekur undir þær áherslur sem lagðar eru á mótun varnargarðanna og flóðrása í matsskýrslu framkvæmdaraðila. Í ljósi mikilvægis sjónrænna áhrifa þeirra á bæjarmynd og næsta nágrenni, telur stofnunin að í deiliskipulaginu þurfi að gera ítarlega grein fyrir og tryggja vandaða hönnun og útfærslu garðanna með hliðsjón af ásýnd byggðar og tengslum við byggðina.

5 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 11. gr. laga og 26. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Seyðisfjarðarkaupstaðar sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda felist í áhrifum á landslag og ásýnd, auk áhrifa á fornleifar. Bæði á það við um sjónræn áhrif á íbúa sem búa næst gördunum og missa útsýni til fjallshlíðarinnar ofan byggðarinnar sem og til breytinga sem verða á yfirbragði svæðisins séð lengra frá en ljóst er að ásýnd svæðisins verður talsvert breytt miðað við núverandi aðstæður. Stofnunin telur áform um mótun garðanna, frágang yfirborðs, uppgræðslu og ræktun séu til þess fallin að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum. Ljóst er að talsverða vinnu þarf að leggja í fornleifarannsóknir vegna byggingu varnarvirkjana og ekki verður komist hjá því að allmörgum fornleifum verði raskað. Skipulagsstofnun leggur áherslu á samráð við



Minjastofnun Íslands varðandi þær mótvægisáðgerðir sem stofnunin hefur lagt áherslu á í umsögn sinni.

Ljóst er að hávaði og ónæði í nágrenni framkvæmda munu aukast verulega á framkvæmdatíma. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að fyrirhugaðar framkvæmdir verði kynntar fyrir íbúum í grennd við framkvæmdasvæðið, einkum framkvæmdir við fleygun eða sprengingu bergs og mikilvægi þess að farið verði skilyrðislaust eftir tímatakmörkunum sem eiga við um háværar framkvæmdir, sbr. reglugerð um hávaða.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð snjóflóðamannvirki muni hafa jákvæð áhrif á öryggi íbúa m.t.t. snjóflóðahættu miðað við núverandi aðstæður.

Varðandi nánari umfjöllun um umhverfisáhrif snjóflóðavarna vísast til niðurstaðna í 3. kafla að framan og framkvæmdatilhögunar, mótvægisáðgerða og vöktunar sem gerð er grein fyrir í matsskýrslu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Reykjavík, 27. ágúst 2020

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson